

Nr. 43

24. mars 2003

LÖG um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með *björgunarsveit* er átt við félag sem á grundvelli sjálfboðaliðastarfs tekur þátt í björgun, leit og gæslu að beiðni stjórnvalda.

Með *björgunarsveitarmanni* er átt við skráðan einstakling í björgunarsveit sem tekur þátt í björgun, björgunaræfingum, leit og gæslu.

Með *stjórnvöldum* er átt við öll stjórnvöld sem lögum samkvæmt fara með yfirlitjónum björgunar- og leitarmála á hverjum tíma. Þau stjórnvöld sem nú eiga hlut að björgunarmálum eru dómssmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, almannavarnaráð, almannavarnanefndir, Flugmálastjórn, rannsóknarnefnd fluglysia, Landhelgisgæslan, ríkislöggreglustjóri, löggreglustjórin í Reykjavík, sýslumenn sem löggreglustjórar og slökkviliðsstjórar.

Með *björgun* er átt við björgun manna eða verðmæta frá yfirvofandi hættu eða tjóni.

Með *leit* er átt við leit að mönnum eða verðmætum.

Með *gæslu* er átt við aðstoð við að gæta manna og verðmæta á svæðum sem lokað hefur verið vegna hættuástands.

II. KAFLI

Hlutverk, réttindi, skyldur og tryggingar björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

3. gr.

Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna er að starfa í þágu almannuheilla með pátttöku við björgun, leit og gæslu á ábyrgð stjórnvalda og í samvinnu við þau.

Nr. 43

24. mars 2003

Stjórnvöld skulu í samráði við heildarsamtök björgunarsveita gera samkomulag um sam-skipti og samstarf björgunaraðila þar sem er kveðið á um skipulag björgunarmála, upplýsingaskyldu, útköll og boðskipti.

4. gr.

Skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

Björgunarsveitum er skylt að hefja björgun, leit og gæslu ef stjórnvöld óska þess.

Björgunarsveitarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um mál sem þeir fá vitneskju um við störf samkvæmt lögum þessum og leynt skulu fara samkvæmt fyrirmælum stjórnvalda og eðli máls.

5. gr.

Tryggingar.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa slysatryggingar fyrir félagsmenn sína þar sem m.a. skal tryggja bólastöðu þeirra í tilfellum sem leiða til veikinda þeirra vegna utanaðkomandi aðstæðna, svo sem við ofkælingu, kal, ofhitnun og eitrun.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa eignatryggingar fyrir því tjóni sem þær og björgunarsveitarmenn, vegna persónulegra muna, kunna að verða fyrir á eignum sínum við æfingar, björgun, leit og gæslu.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa ábyrgðartryggingar sem ná til tjóns sem athafnir björgunarsveitarmanna kunna að valda mönnum og tjóns á dýrum, munum og umhverfi.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Gjört á Bessastöðum, 24. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.